

## Fundargerð

Stjórnar foreldrafélags Grunnskólans á Seltjarnarnesi, sem fram fór þriðjudaginn 30. ágúst 2016 kl. 17:30 í Mýrarhúsaskóla.

**Mættir f.h. stjórnar foreldrafélagsins:** Svana M. Davíðsdóttir, Sonja Bergmann, Davíð Sch., Ólafía Harðardóttir, Haukur Hauksson, Guðrún Björg Karlsdóttir, Brynhildur Thors og Rakel Viðarsdóttir.

**Fjarverandi:** Garðar Gíslason

**Fundarstjóri:** Svana M. Davíðsdóttir

**Fundarritari:** Guðrún Björg Karlsdóttir

### 1. Skipan í stöður

Á fundinum var skipað í stöður á vegum foreldrafélags Grunnskóla Seltjarness með samþykki allra viðstaddra.

Formaður: Svana M. Davíðsdóttir

Varaformaður: Sonja Bergmann

Skólaráð: Haukur Hauksson og Rakel Viðarsdóttir

Skólanefnd: Svana M. Davíðsdóttir

Fulltrúi í vímuverndarráði: Brynhildur Thors.

Tengiliður við Heimili og skóla: Guðrún Björg Karlsdóttir

Davíð Sch. tekur að sér að sjá um facebook síðu félagsins.

### 2. Verkefni framundan

Rætt um málefni Skjólans stuttlega. Svana hefur verið í sambandi við Baldur fræðslustjóra vegna málefna Skjólans.

Kynningarfundur fyrir foreldra barna í 1. bekk er fyrirhugaður í september, auk fundar með bekkjarfulltrúum þegar þeir hafa verið valdir.

Sundmál. Áhyggjur af hæfni nemenda í sundi vegna skertar sundkennslu vegna veikinda. Ræða þarf við stjórnendur skólans.

Rætt um viðburði á vegum foreldrafélagsins. Þurfum að skoða betur áhuga á að hafa laufabrauðsbakstur fyrir foreldra og nemendur í desember eða hvað annað kæmi til greina. Fundarmönnum líst vel á að fá rithöfund til að lesa fyrir nemendur í desember, auk þess að fá námskeið, til dæmis á vegum Þórdísar Elvu, jóga, slökun, sjálfsstyrkingu, nútíttund eða námstækni. Gætum boðið upp á eitthvað sem aðrir eru ekki að bjóða uppá. Guðrún og Sonja ætluðu að skoða nánar.

Verkefnið Jákvæð samskipti heldur áfram af krafti næsta vetur. Fundur áætlaður með skólanum næsta fimmtudag.

Kom fram hugmynd um að ákveða þema vetrarins og keyra á henni í vetur. Kynna fyrir öllum. Gera foreldrafélagið sýnilegra. Hugsanlega mætti nota FB í auknu mæli í þeim tilgangi. Davíð skoðar nánar.

Rætt um mögulega aðkomu foreldrafélagsins á að auka bókakost skólans sbr. athugasemd sem kom fram á aðalfundi frá BL. Myndi samræmast vel verkefninu um byrjendalæsi. Brynhildur ætlar að tala við bókasafnsstjóra sólans og fulltrúa bókasafnsins á Seltjarnarnesi og heyra betur í BL hvað hún hafi haft í huga í þessum efnum.

Lús: rætt um mögulega aðkomu foreldrafélagsins að því að hindra útbreiðslu. Til dæmis að kaupa lúsakamba. Þarf að skoða betur.

### **3. Staðan á fjármálum félagsins**

Frestað til næsta fundar. Gjaldkeri tekur saman fjárhagsáætlun vetrarins og leggur fram á næsta fundi.

### **4. Önnur mál**

Fundi slitið kl. 19:00

Dagsetning fyrir næsta fund ákveðin 27. september 2016 kl. 17:30.